

Vetrarástand sjávar við Ísland - Niðurstöður úr OCCAM-líkaninu

Einar Örn Ólason (eoo@hi.is)⁽¹⁾, John F. Middleton⁽²⁾, Beverly de Cuevas⁽³⁾, Halldór Björnsson⁽¹⁾, Haraldur Ólafsson⁽¹⁾

⁽¹⁾ Háskóli Íslands, ⁽²⁾ University of New South Wales, ⁽³⁾ Southampton Oceanographic Institute

Niðurstöður úr OCCAM líkani Southampton Oceanography Institute eru notaðar til að rannsaka meðal vetrarástand sjávar við Ísland. Samanburður á mælingum og niðurstöðum OCCAM líkansins sýna að nokkuð vantar upp á við líkanagerðina, sérstaklega í Irmingerhafi og á suður og suðausturdjúpum meðan líkaninu farnast mun betur fyrir norðan land. Á heildina litið eru líkananiðurstöðurnar þó nægilega góðar til að réttlætánlegt sé að draga af þeim frekari ályktanir um haffræði svæðisins. Staðsetning og styrkur hafstrauma er þar sérstaklega skoðaður sem og árstíðabundnar og langtíma breytingar á þeim. Gögnin úr OCCAM líkaninu verða svo einnig notuð sem upphafs og jaðargildi í líkanareikningum við Háskóla Íslands.